nafnið „Graphica Islandica“. Sýnd verða verk eftir listamenn frá Norður-Ameríku og Evrópu í öllum sýningarsölum Kjarvalsstaða. Gefin verður út sýningarskrá með mynd frá hverjum listamanni og verða veitt verðlaun af alþjóðlegri dómnefnd að upphæð 200.000 kr. Ráðstefnan verður einnig haldin að Kjarvalsstöðum dagan 6. og 7. júní og á Kirkjubæjarklaustri 8. til 11.júní.

100 listamenn frá 24 löndum sýna á sýningunni og var við val listamanna leitað tilnefningar ólíkra aðila innan lands og utan, þannig að gæfi sem best yfirlit af grafíklist beggja vegna Atlantshafsins. Íslensku listamennirnir voru þannig valdir, að félagar í Íslenskri Grafík og fleiri sendu inn myndir og valdi valnefnd síðan úr þeim.

Að sögn sýningarhaldara, var reynt að fyrirbyggja allan mismun á milli landa, en um leið að velja gott yfirlit af verkum vestrænna grafíklistamanna. Þrátt fyrir þetta hafi undirtektir listamanna, samtaka þeirra og listaverkamiðlara verið misgóðar. „En hingað til lands eru komnar um 400 myndir frá 25 þjóðlöndum, sem munu gefa þó nokkuð góða mynd af vestrænni grafíklist í dag,“ eins og segir í kynningu sýningarnefndar.

Fyrirlesarar á ráðstefnunni voru valdir með það í huga, að þeir gætu nálgst umræðuefni Graphica Atlantica frá sem víðustum grundvelli. Meðal fyrirlesara má nefna Leslie Leubbers og Kenneth Tyler frá Bandaríkjunum, Roger Boulet frá Kanada, Outi Heiskanen frá Finnlandi, Jordi Arko frá Svíþjóð, Isabellu Gustowsku frá Póllandi, Franc Bordas frá Frakklandi, Rosemary Simmons frá Bretlandi og Svenrobert Lundquist frá Svíþjóð, sem er stjórnandi umræðnanna.



Unnið að uppsetningu „Graphica Atlantica“ Morgunblaðið/RAX

Allflestir fyrirlesrar munu sýna litskyggnur með fyrirlestrum sínum. Umræðuhópar munu síðan ræða ályktanir fyrirlesara um stöðu grafíklistar í dag, svo og þá hugmynd hvort unnt sé að styrkja vestræn sambönd milli listamanna. Á Kirkjubæjarklaustri mun ráðstefnan halda áfram og er ætlunin að ræða þar sérstaklega málefni er varða Norðurlöndin.

Slitlag milli Núpsstaðar og Kálfafells

Hnausum í Meðallandi.

FOKIÐ hefur mjög úr veginum milli Langholts og Eldvatns sem grjót var keyrt í í fyrra. Er nú ekið þar nær eingöngu á hraungrjóti. Fljótt verður þó úr þessu bætt, því samkvæmt ákvörðun yfirstjórnar vegamála á Suðurlandi er það forgangsverkefni.

Nú eru hafnar framkvæmdir við að leggja slitlag á kafla af hringveginum milli Núpsstaðar og Kálfafells.

Sauðburði mun nú nær lokið hér en þó getur sums staðar eitthvað verið eftir óborið. Það er misjafnt eftir bæjum. Mun sauðburður hafa gengið óvenju vel. Hefur gott veðurfar átt mikinn þátt í því þar sem seinni hluti maímánaðar var óvenju heitur. Fór hiti í 21 gráðu og jafnvel aðeins meira.

— Vilhjálmur.

Siglufjörður:

Sigluvík og Stálvík með á fjórða hundrað lestir

Siglufirði.

Stálvíkurtogararnir lönduðu afla á Siglufirði í byrjun vikunnnar. Sigluvík kom inn með 193 tonn af þorski og ufsa. Stálvík var að landa í gær hátt í 180 tonnum eftir viku útivist.

Stapavík landaði 30-40 tonnum af frystri rækju á miðvikudag. Heldur hefur dregið úr rækjuveiðinni að undanförnu, eins og eðlilegt er á þessum árstíma.

Hér blæs nú hreint loft norðan úr íshafi og blessuð rigningin leikur við Siglfirðinga. Er það vel því allur gróður var orðinn þurr og veitti ekki af smá raka. Matthías



ESSO

NÚ FER AÐ HITNA Í KOLUNUM

Það er tilhlökkunarefni að byrja grillveislurnar aftur. Góður matur, fjör og útivera. Þig vantar kannski hitt og þetta í grillið: kol, vökva, áhöld, bakka eða jafnvel sjálft grillið. Leitaðu ekki langt yfir skammt. Á næstu Essostöð finnur þú allt sem þarf . . . nema grillmatinn!

Grillkol 2,3 kg	225 kr.
Grillkol 4,5 kg	434 kr.
Grillvökvi 0,5 l	75 kr.
Grillvökvi 1,0 l	120 kr.
Grill	frá 2076 kr.

Grilláhöld og grillbakkar í úrvali.

ESSO
Olíufélagið hf

AUK hf. 15.157/SÍA

AEG RYKSUGAN Á FULLU...



VAMPYR 406 ryksugan frá AEG er 1000 W og því sérlega kraftmikil, hún er með stillanlegum sogkrafti, inndreginni snúru og snúningsbarka, svo fátt eitt sé nefnt.

Þetta er slíkt gæðatæki að við leyfum okkur að fullyrða að þú fáir hvergi jafn fjölhæfa ryksugu á svo frábæru verði.

Kr.8.392.-
(STAÐGREITT)

Vestur-þýsk gæði á þessu verði. – Engin spurning!

...Á FRÁBÆRU VERÐI!

AEG
ALVEG EINSTÖK GÆÐI

A E G heimilistæki
– því þú hleypir ekki hverju sem er í húsverkin!

BRÆÐURNIR ORMSSON HF
Lágmúla 9, sími: 38820

YDDA F9.1/SÍA